



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun matarþjónustu fyrir eldri borgara:

Á fundi velferðarráðs þann 9.október 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

„Tillaga Flokks fólksins að eftirfarandi þættir er varða eldri borgara og mötuneyti verði endurskoðaðir og betrubættir hið fyrsta. 1. Að þeir sem þurfa að fá mat sendan heim vegna veikinda, ef þeir búa í húsnæði sem er tengt við mötuneyti, t.d. Borgir mötuneyti og íbúar í Eirborgum fái mat alla daga vikunnar á meðan veikindin standa yfir. 2. Að leyfilegt verði að taka með sér mat heim ef einhver vill. Stundum eru líka engin laus sæti í matsal. Þá hefur fólk þurft að bíða eftir að sæti losnar.3. Benda þarf fólki á að engin á einhver föst sæti. Dæmi eru um að fólk hafi verið rekið úr sæti vegna þess að einhver telur sig eiga það eða að viðkomandi er beðin að færa sig. Þetta hefur fælingarmátt og þarf því að ræða og benda á mikilvægi umburðarlyndis og sveigjanleika. Að sjálfsögðu á þó alltaf að taka tillit til hreyfihamlaðra við sætaskipun. 4. Leyfa þarf fólki að taka afgang matar með sér heim, ef viðkomandi hefur ekki lyst á að klára matinn sem er skammtaður. Að öðrum kosti er matnum hent. Þetta þykir eldri borgurum sárt enda vanir að nýta allan mat auk þess sem meirihlutinn í borginni er að boða minnkun á matarsóun. Óskað eftir umsögn frá velferðarsviði.“

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum Eldhússins á Vitatorgi þá er matarþjónustan sífellt í endurskoðun og unnið að betrubótum, þar með taldir þeir þættir sem snúa að þörfum og upplifun notenda. Íbúar í Reykjavík sem ekki geta eldað sjálfir hafa kost á að fá fullledda máltíð senda heim til sín alla daga vikunnar. Leitast er við að hafa sveigjanleika í þjónustunni og fyrir utan heimsendingu matar og möguleika á að borða í félagslegu samneyti í einhverri af 17 félagsmiðstöðvum borgarinnar þá er fólk gert kleift að taka með sér mat þaðan og heim ef það óskar eftir því, hvort sem um er að

ræða alla máltíðina eða afgang hennar. Starfsfólk í mótuneytum félagsmiðstöðva hefur það hlutverk að aðstoða við að finna öllum gestum sæti í matsal. Best er að leita til viðkomandi forstöðumanns, ef einhver misbrestur er á því að fólk fái sæti og er undirrituð þess fullviss að slíkri ábendingu verði vel tekið.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri